

SKJÓL FYRIR VEÐRINU EÐA NÚTÍMANUM

Garðhúsabærinn, eða Kolonihaven, er heitið á sýningu á byggingarlist sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. Sýningin er liður í Reykjavík – menningarborg Evrópu árið 2000 og sameiginlegt framlag Arkitektafélags Íslands og Listasafns Reykjavíkur til Listahátíðar. Sýningarstjórinn, Kirsten Kiser, segir SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR frá þessari einstaklega skemmtilegu hugmynd og hvaða tilgangi garðhúsin hafa þjónað, hér og erlendis í tímans rás.

HÚS mitt er staður til að vera einn með sjálfum sér. Til að lesa, skrifa og hugsa,“ segir japanski arkitektinn Arata Isozaki um agnarsmáa garðhúsið sem hann hannaði fyrir Kolonihaven – eða garðhúsabæinn – alþjóðlegt verkefni á sviði byggingarlistar en sýning á garðhúsabænum verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. Sýningin er sameiginlegt framlag Arkitektafélags Íslands og Listasafns Reykjavíkur til verkefnisins Reykjavík – menningarborg árið 2000 og er á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík.

Hugmyndin að baki sýningunni er sótt í danska garðlenduhefð sem jafnframt á sér samsvörum í sögu Reykjavíkur, þar sem ræktunarlönd í útjaðri bæjarins voru mikilvægur þáttur í lífi margra um miðbik 20. aldar. Þar sem nú er Kringlan voru á þeim tíma garðblettir og skýli í löngum röðum og á sumrin varð þar til lítið samfélag, eins konar „garðhúsabær“, einn margra innan bæjarmarkanna. Ræktunin var kærkomin búbót á mörgum heimilum auk þess sem hún hélt við mikilvægum tengslum bæjarbúans við náttúruna á þeim árum sem flestir Reykvikingar voru nýflutir úr sveitinni.

Garðhúsabærinn er farandsýning sem var

fyrst sett upp í Kaupmannahöfn þegar borgin var menningarborg Evrópu árið 1996 og aftur í Stokkhólmi árið 1998. Hugmyndina að sýningunni átti Kirsten Kiser (sem jafnframt er sýningarstjóri), danskur arkitekt sem lengi hafði starfað í Los Angeles þar sem hún rak arkitekta-gallerí og fyrirmyndin var „Vennelyst“, lítið garðhúsaborg sem í lok 19. aldar byrjaði að rísa í Kaupmannahöfn, steinsnar frá miðborginni, eða í „tíu mínútna hjólreiðafjarlægð“, eins og Kirsten segir. Hugmyndin var liður í umbótum á aðbúnaði iðnverkaforlúks en lífsskilyrði almennings í mörgum borgum voru óbærleg sökum þrængsla

og verkafólk krafðist bættrar aðstöðu, jafnt á vinnustað sem heima fyrir.

Frá garðskika að sælureit

Til að gefa almenningi kost á afdrepi frá skarkala borganna hófu yfirvöld að úthluta garðsvæðum til útleigu utan við þéttbýlismörkin.

Landsvæðið var girt af og því deilt upp í 100–200 fm lóðir, svo til varð lítil bær eða samfélag. Í garðlandabæjunum gafst verkamönnum færi á að eiga stund með fjölskyldu sinni að loknum vinnudegi, anda að sér hreinu lofti, stunda



Kirsten Kiser sýningarstjóri.

Morgunblaðið/Kristinn

ræktun og gleyma amstri hversdagsins um stund. Fljótlega fóru garðeigendur að reisa frumstað skýli til að geyma verkfæri sín og leita skjóls í. Smám saman urðu húsin vandaðri og skrautlegri eftir því sem nostrað var meira við þau. Við bættust turnar, spírur, þaksvaír og súlnagöng, verandir, gluggaútskot og garðveggir í öllum stílbrigðum.

Ímyndunaraflíð eitt fékk að ráða ferðinni og smám saman runnu garður og hús saman í eina litríka heild. Hver ábúandi leigði garðinn sinn og gekk leigusamningurinn í erfðir. Í dag eru þeir svo eftirsóttir að biðlistinn er um 25 ár.

Þegar Kirsten er spurð hvers vegna hún ákvað að setja upp farandsýningu á þessum smáhýsum, segir hún hugmyndina eiga sér

langan aðdraganda. „Ég bjó lengi og starfaði í Los Angeles í Kaliforníu,“ segir hún, „og rak þar arkitekta-gallerí, þar sem ég sýndi verk stærstu arkitekta samtímans, bæði einkasýningar og samsýningar. Á sumrin var ég með samsýningar og ein þeirra hét „California Life Guard Towers“, eða Strandvarðaturnar Kaliforníu.

Sú sýning tókst mjög vel og var mjög skemmtileg og opnaði augu mín fyrir því að þetta smáa form ætti greiðan aðgang að almenningi.“

Hvað áttu við?

„Yfirleitt virka teikningar arkitekta mjög fráhrindandi á fólk sem er ekki í faginu, eða greinum tengdum því. Þær virka flóknar og

GRÍÐASTAÐUR FYRIR TVÖ

Hjördís Sigurgísladóttir og Dennis Jóhannesson unnu samkeppni um garðhús sem Arkitektafélag Íslands efndi til í sambandi við sýninguna á Kjarvalsstöðum.

Í TENGLUM við sýninguna á garðhúsum efndi Arkitektafélag Íslands til samkeppni meðal félagsmanna sinna á haustdögum 1999 til að gera upprátt af garðhúsi. Í þeirri samkeppni sigruðu þau Hjördís Sigurgísladóttir og Dennis Jóhannesson með teikningu sem þau segja að sé „garðskáli sem felur í sér andstæðurnar í íslenskrí náttúru og íslenskrí þjóð“. Húsið þeirra hlaut heitið „Hús árstíðanna“, og er að rísa innan veggja Kjarvalsstaða þegar blaðamaður hittir þau að máli til að spyrja hvort svona agnarpínulítið hús sé hluti af okkar hefðum og hvernig við getum tengt okkur hugmyndinni. Áður en þau Hjördís og Dennis svara því segjast þau vera mjög ánægð með að sýning á byggingarlist skuli hljóta svo veglegan sess á Listahátíð í ár. „Byggingarlist hefur ekki verið áberandi á Listahátíð í Reykjavík fram að þessu,“ segja þau, „en nú er hins vegar eins og orðið hafi

bylting. Það er allt í einu farið að fjalla um borgina og borgarbyggðina – en hingað til hefur aðallega verið fjallað um landsbyggðina og náttúruna í listum.

Þetta er auðvitað mikið gleðiefni fyrir okkur arkitekta, einkum vegna þess að það hefur átt sér stað heilmikil umræða innan félagsins um það hvernig hægt sé að ná til fólksins; hvað sé hægt að gera til að tengja fagið og almenning, vekja áhuga hans á byggingarlist.“ Þau Hjördís og Dennis segja að allt fram á síðustu ár hafi bilið verið of breitt á milli arkitekta og almennings, aðallega vegna þess að lengi vel hafi arkitektúr verið í höndum opinberra aðila. „Í dag er það ekki lengur raunin,“ segir Dennis, „embætti húsameistarara er ekki einu sinni lengur til. Við arkitektar erum með okkar eigin stofur, vinnum fyrir almenning og þurfum að ná til fólksins.

Þess vegna er mjög mikilvægt fyrir okkur að fá svona sýningu.“



Dennis Jóhannesson og Hjördís Sigurgísladóttir.

Morgunblaðið/Kristinn